

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálastöðugleiki 2020/2

Kynningarfundur
23. september 2020



Fjármálastöðugleiki í hnotskurn



Alvarlegt ástand á vinnumarkaði. Stjórnvöld hafa brugðist við með sértækum aðgerðum



Nær algjör tekjubrestur í ferðaþjónustu – greinin á nú mikið undir kröfuhöfum



Um 9% útlána til fyrirtækja er í greiðsluhléi, þar af um 23% útlána til ferðaþjónustu



Verulega aukin virðisrýrnun hjá bönkunum – vandinn ekki raungerst enn



Útlánagæði bankanna versna eftir því sem faraldurinn dregst meira á langinn




Eiginfjárstaða bankanna er mjög sterk og þeir geta staðið af sér mikið áfall

Aðgerðir fyrir heimili

- Umfangsmiklar aðgerðir fyrir heimilin í landinu hafa dregið verulega úr áfallinu
- Í heildina hafa heimilin fengið beinar greiðslur upp á 34,3 ma.kr. vegna aðgerðanna frá því í vor
 - Að auki fengið 9,7 ma.kr. í laun á uppsagnarfresti sem ríkissjóður hefur greitt
- Hlutastarfaleiðin hefur verið framlengd út október


Skráð atvinnuleysi¹

Október 2019 - september 2020




¹ Gildi fyrir september er spá Vinnuálastofnunar.
Heimild: Vinnuálastofnun.

Hlutabætur og almennar atvinnuleysisbætur




Heimild: Stjórnarráð Íslands.

Laun í sóttkví



Heimild: Stjórnarráð Íslands.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar




Heimild: Stjórnarráð Íslands.


Aðgerðir fyrir fyrirtæki

- Frestanir á greiðslum og beinir styrkir hafa haldið lífi í mörgum fyrirtækjum
 - Frestaðar skattgreiðslur nema um 19,3 ma.kr. það sem af er ári
 - Laun á uppsagnarfresti um 9,7 ma.kr.
 - Lokunarstyrkir um 1 ma.kr.
- Lán til ferðapjónustufyrirtækja hafa að stóru leyti verið í greiðsluhléi
 - Greiðsluhléi mun ljúka að verulegum hluta 1. október nk.
- Sótt hefur verið um 815 stuðningslán (um 7 ma.kr.), afgreiddar umsóknir um 600 (um 4,4 ma.kr.)
- Tvö viðbótarlán (brúarlán) hafa verið veitt

Eftirstöðvar lána í greiðsluhléi¹




Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingargjalds¹




1. Prósentutölur sýna hlutfall frestana af höfuðstól staðgreiðslu.
Heimild: Stjórnarráð Íslands.

Stuðningslán



Heimildir: Stjórnarráð Íslands, Seðlabanki Íslands.

Laun á uppsagnarfresti




Heimild: Stjórnarráð Íslands.

1. Gögn frá 3.-10. júní og 2.-16. september, gögnin ná yfir KMB, stærstu lífeyrissjóðina og HMS/IL-sjóð. Lán lífeyrissjóða til fyrirtækja flokkast undir annað.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Vaxtalækkarnir hafa stutt við fasteignamarkaðinn


- Vaxtalækkarnir meginvaxta Seðlabankans hafa skilað sér í lægri vöxtum fasteignalána
 - Vegnir vextir nýrra óverðtryggðra fasteignalána KMB til neytenda hafa lækkað um 160 punkta frá því í byrjun árs
- Almenn greiðsluhlé á fasteignalánnum til neytenda voru umfangsmikil í vor en hafa minnkað mikið
 - Hafa lækkað úr 6,1% af heildarútlánnum í byrjun júní í 3,3% í byrjun september
- Örvunaraðgerðir s.s. vaxtalækkarnir, úttekt séreignasparnaðar og greiðsluhlé hafa stutt við markaðinn og vegið þyngra en aukið framboð á vormánuðum, aukið atvinnuleysi og vaxandi óvissa í hagkerfinu

Vegnir vextir nýrra fasteignalána KMB til neytenda



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eftirstöðvar fasteignalána til neytenda sem hafa fengið greiðsluhlé¹




1. Gögn frá 3.-10. júní og 2. september, gögnin ná yfir KMB, stærstu lífeyrissjóðina og HMS/ÍL-sjóð.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Íbúðamarkaður – samdráttur í veltu

- Árshækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 1,9% í ágúst
- Velta á markaðnum dróst saman um 35% á 2F frá fyrra ári
 - Samdráttur í veltu að einhverju leyti vegna tafa í þinglýsingu
 - Í maí, júní og júlí var 38% fjölgun í mótteknum skjölum til þinglýsingar m.v. fyrra ár, mest vegna lánaskjala s.s. vegna endurfjármögnunar og skilmálabreytinga
- Framboð á markaðnum hefur dregist nokkuð saman frá því í vor
- Vísbendingar um að umsvif á byggingamarkaði hafi haldið áfram að dragast saman
 - Framboðsskortur gæti ýtt undir verðhækkanir á næstu mánuðum og misserum


Raunverð íbúða og velta á höfuðborgarsvæðinu¹



■ Ársbreyting íbúðaverðs (v. ás)
 — Velta á fasteignamarkaði (h. ás)

1. Velta á fasteignamarkaði á föstu verðlagi desember 2019.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu og ákvarðandi þættir




Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verð á atvinnuhúsnæði stóð í stað á milli fjórðunga

- Verðvísitala atvinnuhúsnæðis stóð í stað á öðrum ársfjórðungi – 21% árslækkun að raunvirði í lok 2F 2020 en vísitalan náði hágildi sínu á 2F 2019
- Velta dróst saman um nærri 50% að raunvirði á öðrum ársfjórðungi m.v. sama tímabili í fyrra
- Mörg hótél og gistiheimili í byggingu á hbsv., fermetrar í byggingu um 16% af því gistirými sem þegar er til staðar
 - Forsendur hluta verkefnanna að öllum líkindum brostnar
- Greiðsluerfiðleikar leigutaka hafa neikvæð áhrif á sjóðstreymi stærstu atvinnuhúsnæðisfélaganna
 - Hafa þó náð að standa að mestu vörð um lausafjárstöðu sína


Raunverð og -velta atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu¹



1. Verðvísitala raunvirt með VNV. Vísitalan byggist á vegnu meðaltali iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Nýjasta gildi hennar er til bráðabirgða. Veltuvísitala sýnir hlaupandi meðaltal veltu síðustu fjögurra ársfjórðunga, raunvirt með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Atvinnuhúsnæði í byggingu sem hlutfall af fullbyggðu atvinnuhúsnæði¹




1. Húsnæði á landinu öllu. Húsnæði í byggingu flokkast sem húsnæði á byggingarstigum 1-6. Tölur m.v. árslok nema tölur fyrir 2020 sem miðast við lok júlí.

Heimild: Þjóðskrá Íslands.

Þróun skulda einkageirans - Heimilin

- Hrein ný útlán til heimila í júlí námu tæplega 32 ma.kr. sem er um 80% hærri fjárhæð en meðaltal síðustu 12 mánaða. Uppgreiðslur hafa vaxið verulega sem bendir til endurfjármögnunar lána í kjölfar vaxtalækkana
 - Sterkar vísbendingar eru um svipaða þróun í ágúst en þá námu hrein ný útlán innlánsstofnana og ÍL-sjóðs 32 ma.kr.
- Yfirgnæfandi meirihluti nýrra íbúðalána er óverðtryggður með breytilegum vöxtum
 - Um 33% fasteignalána heimila voru óverðtryggð í lok júlí og hafði hlutfallið hækkað um tæp 6 prósentustig frá áramótum
- Einkaneysla í sumar kröftugri en spár gerðu ráð fyrir, örvunaraðgerðir hafa stutt við fjárfestingaráform
- Farsóttin hefur haft alvarlegar afleiðingar á vinnumarkaði


Hrein ný útlán til heimila¹



1. Hrein ný útlán heimilanna hjá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og HMS/L-sjóði. Tölur frá lífeyrissjóðum vantar í ágúst 2020. Tölur á föstu verðlagi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Kortavelta með innlend greiðslukort




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Útlánagæði nýrra íbúðalána KMB að batna

- KMB hafa leitt vaxtalækkun íbúðalána síðustu misseri og bjóða nú í mörgum tilfellum bestu kjörin
- Mikil ásókn hefur verið í óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum
- Endurfjármögnun stöndugra lántaka leitt til betri útlánagæða nýrra lána KMB
 - Mikil aukning í lánveitingum með veðsetningarhlutfall 70% og lægra
 - Lítið af lánveitingum með lánahlutfall yfir 5 (heildarlán á móti árlegum ráðstöfunartekjum)
 - Almennt lægra greiðslubyrðarhlutfall, aðeins 3,7% lánveitinga umfram 30% í júní, var 9,5% í janúar


Dreifing veðsetningarhlutfalls nýrra fasteignalána KMB til neytenda



— Janúar 2020 (v. ás)
 — Júní 2020 (v. ás)
 — Breyting á milli janúar og júní (h. ás)

Heimild: Seðlabanki Íslands.


Dreifing lánahlutfalls nýrra fasteignalána KMB til neytenda



— Janúar 2020 (v. ás)
 — Júní 2020 (v. ás)
 — Breyting á milli janúar og júní (h. ás)

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Dreifing greiðslubyrðarhlutfalls nýrra fasteignalána KMB til neytenda




— Janúar 2020 (v. ás)
 — Júní 2020 (v. ás)
 — Breyting á milli janúar og júní (h. ás)

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Þróun skulda einkageirans - Fyrirtæki


- Farsóttin hefur haft víðtæk áhrif á fyrirtæki, mest þó í ferðapjónustu og tengdum greinum. Fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér úrræði stjórnvalda og fjármálastofnana vegna farsóttarinnar
 - Vanefndir fyrirtækjaútlána KMB hafa aukist sem og virðisrýrnun – viðbúið er að vanefndir aukist áfram á komandi mánuðum
- Flæði nýs lánsfjármagns til fyrirtækja er takmarkað
- Gengisáhrif hafa aukið skuldir fyrirtækja í krónum talið. Gengis- og verðlagsleiðréttur vöxtur mældist 0,6% í lok 2F 2020 (-0,3% í lok 1F)

Þróun skulda fyrirtækja brotin niður á lánveitendur¹



1. Raunbreyting á ársgrundvelli. Skuldir við innlend og erlend fjármálafyrirtæki og útgefin markaðsskuldabréf.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Staða útlána KMB í vanefndum, eftir fjárhæð kröfu¹




1. Móðurfélög kerfislega mikilvægra banka, bókfært virði.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Ferðamönnum aftur fækkað í kjölfar annarrar bylgju farsóttarinnar


- Brottförum erlendra aðila fækkaði um 83% á tímabilinu júní-ágúst frá sama tímabili í fyrra
- Erlend kortavelta jókst nokkuð í júlí, þó einungis þriðjungur af því sem mældist í fyrra, en hefur aftur dregist saman
- Gistinóttum á hótelum fækkaði um 63% á tímabilinu júní-ágúst m.v. sömu mánuði í fyrra
 - Hlutfall gistingu Íslendinga var 61% á tímabilinu samanborið við 8% árið 2019
- Atvinnuleysi í greininni mun aukast enn frekar á næstu mánuðum
- Horfur á að fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja sæki um greiðsluskjól eða verði tekin til gjaldþrotaskipta á næstunni

Brottfarir erlendra ríkisborgara frá Keflavíkurflugvelli




Heimildir: Ferðamálastofa, Isavia.

Dagleg velta erlendra greiðslukorta á Íslandi¹



1. Sýnir 7 daga hlaupandi meðaltal. Heildarúttekt erlendra greiðslukorta (debet- og kreditkorta) hérlendis.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fjöldi gistingu á hótelum¹




1. Tölur fyrir 2020 eru bráðabirgðatölur.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Viðskiptaafgangur og gjaldeyrisflæði


- Viðskiptaafgangur á 2F 2020 nam 1% af VLF
 - Vöru- og þjónustuviðskipti voru neikvæð um 0,8% af VLF en þau hafa ekki verið jafn neikvæð síðan í fjármálaáfallinu 2008
- Hrein nýfjárfesting var neikvæð um 12 ma.kr. tímabilið júní-ágúst
 - Útflæði aðallega vegna sölu erlendra aðila á ríkisbréfum, tæplega 15 ma.kr.
- Lífeyrissjóðirnir keyptu erlendan gjaldeyri fyrir 7,8 ma.kr. í júlí og ágúst, sbr. við 7,4 ma.kr. á 2F og 23 ma.kr. á 1F
- Á sama tíma hefur gengi krónunnar gefið eftir
 - Gengið styrkist nokkuð er Seðlabankinn tilkynnti um reglubundna gjaldeyrissölu nú í september

Skráð nýfjárfesting¹




1. Gögn um nýfjárfestingu ná til fjármagnsinnflæðis þar sem erlendum gjaldeyri er skipt í íslenskar krónur til fjárfestingar hér á landi. Heildarfjárfesting, ný- og endurfjárfesting. Innflæði með dökkum lit en útflæði með ljósari blæ. Bráðabirgðatölur fyrir ágúst mánuð.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hrein gjaldeyriskaup lífeyrissjóða



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hlutdeild útflutningsgreina af heildar-útflutningi vöru og þjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands.




Fjármálakerfið

KMB - Aukin virðisrýrnun útlána


- Bankarnir voru reknir nálægt núlli á fyrri helmingi ársins, þrátt fyrir virðisrýrnun upp á rúma 23 ma.kr.
- Talsverður munur á virðisrýrnun milli bankanna, endurspeglar m.a. mikla óvissu um framvinduna. Viðbúið að virðisrýrnun aukist áfram, sérstaklega ef farsóttin dregst á langinn
- Vaxtamunur bankanna hefur heldur dregist saman og stór hluti innlána er kominn á vexti nærri 0%

Arðsemi KMB¹



1. Arðsemi er reiknuð út miðað við meðalstöðu eigin fjár. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. 2. Arðsemi reglulegra tekna miðast við hreinar vaxta- og þóknunartekjur að fráðregnum reglulegum kostnaði. Skatthlutfall er 20% og miðað er við meðalstöðu eigin fjár. Valitor undanskilið árin 2017-2020 og Borgun 2020.
Heimildir: Árs- og árslytareikningar viðskiptabanka.

Tekjur og gjöld KMB vegna virðisbreytinga útlána¹




1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árslytareikningar viðskiptabanka.

KMB - Eiginfjárstaðan er áfram sterk


- Þrátt fyrir takmarkaða arðsemi á þessu ári eru eiginfjárlutföll bankanna 5-9 prósentum fyrir ofan lágmarks eiginfjárkröfu sem Seðlabankinn gerir
- Engar arðgreiðslur og lækkun á sveiflujöfnunaraukanum veitir bönkunum aukið svigrúm varðandi eiginfjárstöðuna

Breytingar á eiginfjárlutfalli KMB á árinu 2019 og 1H 2020¹



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka

Eiginfjárkröfur og eiginfjárlutföll KMB í lok 2. ársfjórðungs 2020¹




1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árshlutareikningar viðskiptabanka og kynningarefni.

KMB - Lausafjárstaðan sterk

- Lausafjárhlutföll allra bankanna eru vel yfir lágmarkskröfum Seðlabankans og lausafjárstaðan í krónum hefur styrkst á árinu samhliða aðgerðum Seðlabankans
- Bankarnir hafa í auknum mæli fært lausafjäreignir í krónum í ríkistryggða víxla og skuldabréf
- Viðbúið er að frysting hluta útlána og vanskil geti haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðuna


Lausafjárhlutfall KMB¹



— Íslenskar krónur (v. ás)
 — Erlendir gjaldmiðlar (h. ás)
 — Samtals (v. ás)

1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
 Heimild: Seðlabanki Íslands.

Lausafjäreignir KMB í íslenskum krónum




■ Bundin innlán í Seðlabanka
 ■ Laus innlán í Seðlabanka
 ■ Ríkisskuldabréf og verðbréf útgefin af eða með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga
 ■ Sjóður

Heimild: Seðlabanki Íslands.

KMB – Vaxtaálag á erlendum mörkuðum hefur lækkað verulega


- Rúm lausafjárstaða bankanna í erlendum gjaldmiðlum hefur veitt þeim svigrúm til að halda að sér höndum við skuldabréfaútgáfu á erlendum lánsfjármörkuðum eftir að farsóttin braust út
- Vaxtaálag á erlendum útgáfum hefur lækkað verulega á sl. vikum, nálgast svipuð gildi og upp úr áramótum
- Líklegt að bankarnir láti reyna á markaðsaðstæður með útgáfum á næstu mánuðum, nokkur endurfjármögnunarpörf bæði 2021 og 2022

Skráð erlend markaðsskuldabréf KMB eftir gjalddögum¹



1. Miðað við gengi 31.8.2020
Heimild: Nasdaq Ísland.

Vaxtaálag á völdum skráðum erlendum skuldabréfum KMB í evrum¹



1. Kerfislega mikilvægir bankar. Vaxtaálag á viðmiðunarkúrfu skuldabréfa í evrum. Viðmiðunarkúrfan er samsett úr ríkisskuldabréfum Evrulanda auk skuldabréfa sveitarfélaga með lánsþæfismatið AAA í Evrulöndum.
Heimild: Refinitiv Datastream.



Fjármálainnviðir


Kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir

- Innviðir sem eru þess eðlis að röskun á starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármála-stöðugleika. Nú:
 - Millibankakerfi Seðlabankans (SG- og JK-kerfin)
 - Verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. (NVM)
- Framangreind kerfi njóta einnig viðurkenningar skv. lögum nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslumiðlun
 - Felur í sér aukna réttarvernd – fyrirmæli bindandi séu þau komin til kerfis þó þátttakandi sem þau gaf verði gjaldþrota
- Undirbúningur að innleiðingu nýs millibankakerfis stendur yfir, gangsetning áformuð á F4
 - Mikilvægt að vel takist til – kerfislega mikilvægasti fjármálainnviður Íslands
 - Innleiðingu nýrra fjármálainnviða fylgir töluvert álag og smitáhrif ef áhætta raungerist
- Rekstur NVM hefur verið fluttur í útibú frá Nasdaq CSD í Lettlandi
 - Félagið hefur tekið í notkun nýtt verðbréfaskráningar- og verðbréfauppgjörskerfi sem notað hefur verið hjá verðbréfamiðstöðvum Nasdaq í Eystrasaltsríkjunum

Greiðsluútfærði og viðnámsþróttur

- Engin merkjanleg seinkun greiðslna eða alvarleg rekstrartruflun áttu sér stað innan dags í millibankakerfum Seðlabankans eða í greiðslukerfum þátttakenda frá janúar til júlí 2020
- Lausafjárstaða innan dags hjá bönkum og sparisjóðum er góð í dag og lítil hætt á að þeir standi ekki við greiðsluskuldbindingar sínar
- Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs veitti seðlabankinn 11 daglán til þátttakenda millibankakerfanna gegn veði sem er þremur lánum fleira en á sama tíma í fyrra
- Seðlabankinn framkvæmir reglulega álagspróf til að mæla viðnámsþrótt í millibankakerfinu m.t.t. lausafjárstöðu þátttakenda innan dags
- Slík próf voru framkvæmd í vor þegar Covid-19-faraldurinn stóð sem hæst
- Notuð voru raungögn og allt greiðsluútfærði frá einum þátttakanda í millibankakerfunum látið stöðvast
- Allir þátttakendur stóðust álagsprófin

Greiðsluútfærði og lausafjárstaða í lok dags á SG-reikningum



Heimildir: Greiðsluveitan ehf., Seðlabanki Íslands.

Af vettvangi smágreiðslumiðlunar – þróun og varaleið

- Umtalsverðar breytingar hafa orðið á smágreiðslumiðlun undanfarin ár
 - Ör þróun í upplýsingatækni og nýsköpun hefur sett varanlegt mark á umhverfi smágreiðslumiðlunar. Ekki sér enn fyrir endann á þessari þróun.
- Covid-19-faraldurinn er talinn líklegur til að hafa áhrif á smágreiðslumiðlun til frambúðar
 - Hefur leitt til aukningar á snertilausum greiðslum
 - Snertilausar greiðslur í dag byggja að mestu leyti á kortainnviðum en erlendis hefur mikil gróska verið í þróun smágreiðslulausna sem byggðar eru beint ofan á grunninnviði bankakerfisins (innlánsreikninga) sem eru því óháðar kortakerfum
 - Hefur einnig flýtt fyrir þróun netverslunar en hún hefur aukist mikið
- Í fjármála- og efnahagsráðuneyti er í sérstakri nefnd unnið að undirbúningi að innleiðingu tilskipunar ESB um greiðsluþjónustu (PSD2) í íslenskan rétt
 - Innleiðing PSD2 á Íslandi talin líkleg til að hafa áhrif á framboð greiðslulausna í boði fjártæknifyrirtækja

Fjármálastöðugleiki í hnotskurn



Alvarlegt ástand á vinnumarkaði. Stjórnvöld hafa brugðist við með sértækum aðgerðum



Nær algjör tekjubrestur í ferðaþjónustu – greinin á nú mikið undir kröfuhöfum



Um 9% útlána til fyrirtækja er í greiðsluhléi, þar af um 23% útlána til ferðaþjónustu



Verulega aukin virðisrýrnun hjá bönkunum – vandinn ekki raungerst enn



Útlánagæði bankanna versna eftir því sem faraldurinn dregst meira á langinn



Eiginfjárstaða bankanna er mjög sterk og þeir geta staðið af sér mikið áfall